



Skóla- og frístundasvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 9.11.2023 varðandi eftirfarandi mál:

SFS - Umsókn Hjallastefnunnar ehf. um breytingu á rekstrarleyfi leikskólans Öskju - til afgreiðslu

Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs frá 25. október 2023, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki breytingu á rekstrarleyfi leikskólans Öskju, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík, 25. október 2023

SFS23040049

Ráðhús Reykjavíkur

Borgarráð

Efni: Umsókn Hjallastefnunnar ehf. um breytingu á rekstrarleyfi leikskólans Öskju

Þann 30. maí 2023, barst umsókn frá Hjallastefnunni ehf., kt. 540599-2039, vegna sjálfstætt starfandi leikskólans Öskju. Með beiðninni var óskað eftir að fjölga börnum í leikskólanum úr 152 upp í 175 reykvískra barna á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 40 á aldrinum 12-18 mánaða, í tímabundnu húsnæði við Skógarhlíð 6. Óskað var eftir því að rekstrarleyfi leikskólans yrði breytt til samræmis við þetta.

Vegna gagnaöflunar náðist ekki að leggja málið fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu. Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. júní 2023, að rekstrarleyfi leikskólans Öskju verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að vera með allt að 175 börn á aldrinum 12 mánaða til sex ára, þar af 40 börn á aldrinum 12-18 mánaða. Við útgáfu nýs rekstrarleyfis falli úr gildi rekstrarleyfi vegna leikskólans, dags. 9. september 2022.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Fskj. 1; Minnisblað, dags. 25. október 2023

Fskj. 2; Yfirlýsing foreldrafélags, dags. 5. maí 2023

Fskj. 3; Rekstrarleyfi, dags. 9. september 2022

Fskj. 4; Drög að nýju rekstrarleyfi

Fskj. 5; Reglur um leyfi til reksturs leikskóla



Minnisblað

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs vegna umsóknar Hjallastefnunnar ehf. um breytt rekstrarleyfi vegna leikskólans Öskju

Þann 30. maí 2023, barst umsókn frá Hjallastefnunni ehf. kt. 540599-2039 vegna leikskólans Öskju, um að fjölga börnum í leikskólanum úr 152 upp í 175 reykvískra barna á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 40 á aldrinum 12-18 mánaða. Fram kom í umsókninni að um væri að ræða beiðni um breytingu á rekstrarleyfi leikskólans Öskju og fjölgun nemenda sem greitt væri fyrir skv. þjónustusamningi.

Fram kom í umsókn að reynsla rekstraraðila og skólastjórnenda af skólastarfi á líðandi skólaári væri í þá veru að auðveldlega mætti taka á móti fleiri nemendum í skólann. Í skólanum væru sjö kjarnar. Ungbarnakjarni og sex kjarnar fyrir nemendur frá 18 mánaða til fimm ára. Núverandi kennslurými og skólahúsnæði rúmuðu vel fjölgun um 23 nemendur frá núverandi rekstrarleyfi og óskaði skólinn eftir að rekstrarleyfi skólans hljóðaði upp á 175 nemendur, þar af 40 börn á aldrinum 12-18 mánaða.

Ungbarnaálma, börn fædd 2022

Fermetrar = 150

Pláss fyrir 33 börn

4,5 fm á barn

Börn fædd 2020 og 2021

Fermetrar = 173,2 fm

Sameiginlegt 24,6 fm

Samtals 197,8 fm

Pláss fyrir 58 börn, 3,4 fm á barn

Börn fædd 2019

Fermetrar = 123,7

Sameiginlegt = 61,6

Fermetrar = 185,3

Pláss fyrir 44 börn, 4,1 fm á barn

Börn fædd 2018

Fermetrar = 105,7

Sameiginlegt = 41,1

Samtals = 146,8

Pláss fyrir 40 börn, 3,6 fm á barn.

Tekið var fram að stefnt væri að því að hefja innritun nýrra nemenda skv. umbeðinni aukningu þann 14. júní 2023.

Ekki væri gert ráð fyrir að gera þyrfti breytingar á húsnæði skólans til að mæta fjölgun nemenda. Kennslurými uppfylltu starfsaðstæður nemenda og kennara, ásamt því að önnur sameiginleg rými mættu vel þessari aukningu.

Meðfylgjandi umsókninni fylgdi afrit af teikningum húsnæðisins.

Fulltrúar fagskrifstofu leikskólamála á skóla- og frístundasviði heimsóttu húsnæðið þann 30. maí sl. Var eftirfarandi mat fulltrúanna:

Ungbarnaálma börn fædd 2022
132m² á 33 börn gefa 4m² í leikrými

Börn fædd 2020 - 2021 rauði og blái kjarni
152,2m² á 58 börn gefa 2,6 m² í leikrými

Guli og græni kjarni börn fædd 2019
148,6m² á 44 börn gefa 3,3m² í leikrými

Elstu börn fædd 2018
105,7m² á 40 gefa 2,6 í leikrými.

Samtalan af leikfermetrum gefur 3m² í leikrými. Mikið er af litlum rýmum og barnahópnum skipt niður í litla hópa með sínum kennara. Þrátt fyrir fjölgun er hægt að halda í starfsmannaaðstöðu sem allir eru sáttir við að sögn leikskólastjóra. Með vísan til framangreinds er það mat fagskrifstofu leikskóla að húsnæðið beri þann fjölda barna sem óskað er eftir að verði heimilaður.

Umsögn foreldrafélags leikskólans Öskju, dags. 5. maí 2023, vegna framangreindrar breytingar á samningum, liggur fyrir. Í umsögninni kemur meðal annars fram að foreldrafélag sé ekki mótfallið þeim breytingum að heimilt verði að fjölga börnum í leikskólanum í 175, bæði rekstrarleyfi og framlagi.

Samkvæmt rekstrarleyfi, dags. 9. september 2022, hefur leikskólinn heimild til að reka leikskóla fyrir allt að 152 börn, þar af 32 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða, í húsnæði leikskólans við Skógarhlíð 6 í Reykjavík.

Samkvæmt skráningu í Völu þann 13. apríl 2023 eru 130 reykvískt barn skráð í vistun í leikskólanum Öskju og 7 börn utan Reykjavíkur skráð í leikskólann.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er ekki gerð athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að vera með allt að 175 börn á aldrinum 12 mánaða til sex ára, þar af 40 börn á aldrinum 12-18 mánaða. Lagt er til að nýtt rekstrarleyfi taki gildi 14. júní 2023 og á sama tíma falli úr gildi rekstrarleyfi vegna leikskólans, dags. 9. september 2022.

Tekið er fram að samþykkt rekstrarleyfis felur ekki í sér vilyrði fyrir greiðslu framlags vistunar reykvískra barna í leikskólanum og gera þarf sérstakan samning um framlag.

Vottorð Vinnueftirlits dags. 29. ágúst 2023, vottorð um lokúttekt Byggingafulltrúa dags. 3. október 2022 og tímabundið starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 28. febrúar 2023 liggja fyrir. Jafnframt staðfesting slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um að ekki sé gerð athugasemd við fjölgun, dags. 23. október 2023.

Föstudagur 5 maí 2023

Til þess sem málið varðar,

Foreldraráð leikskólans Öskju gerir ekki athugasemd við að rekstrarleyfi leikskólans verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að vera með 175 börn í leikskólanum.

Jafnframt bindur foreldraráð vonir við að samningum við leikskólann verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 175 börnum

Virðingarfyllst, fyrir hönd foreldraráð leikskólans Öskju

ÁSGERÐUR HEIMISDÓTTIR

Ásgerður Heimisdóttir

Formaður foreldraráðs leikskólans Öskju



Rekstrarleyfi fyrir leikskólann Öskju

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Hjallastefnunni kt. 540599-2039 leyfi til að reka leikskólann Öskju.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans við Skógarhlíð 6 í Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir 152 börn, þar af 32 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða.

Vottorð liggur fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Vesturmiðstöð veitir leikskólanum sérfræðipjónustu, sbr. reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2018.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfi tekur gildi 9. september 2022 og frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi útgefið, dags. 11. desember 2018, vegna Nauthólsvegar 87 í Reykjavík.

Reykjavík, 9. september 2022

Helgi Grímsson
sviðsstjóri
skóla- og frístundasviðs

Helgi Grímsson,

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar



Rekstrarleyfi fyrir leikskólann Öskju

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Hjallastefnunni ehf. kt. 540599-2039 leyfi til að reka leikskólann Öskju.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans að Skógarhlíð 6 í Reykjavík. Veitt er heimilt til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir 175 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 40 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða.

Vottorð liggur fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri sem uppfyllir skilyrði fyrir ráðningu leikskólastjóra í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennarar og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Vesturmiðstöð veitir leikskólanum sérfræðipjónustu, sbr. reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í gunnskólum.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2016.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfi tekur gildi 17. júlí 2023 og frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi útgefið, dags. 9. september 2022.

Reykjavík, xxxx 2023

Helgi Grímsson,

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar



Reykjavíkurborg

DRÖG

Reglur

Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla.

1. gr.

Leikskólaráð Reykjavíkurborgar getur veitt sjálfseignarstofnunum, hlutafélögum og öðrum aðilum sem reka fyrirtæki samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi heimild til að byggja og / eða reka leikskóla í Reykjavík. Um slíka leikskóla gilda ákvæði laga um leikskóla nr. 90/2008 eftir því sem við á.

Umsókn skal fylgja staðfesting á rekstrarformi og samþykktir félagsins.

2. gr.

Heimilt er að binda leyfi við hámarks fjölda barna. Ákvörðun um fjölda barna skal m.a. byggð á eftirfarandi þáttum:

- Húsnæði og lóð sem fyrirhugað er að nota fyrir leikskóla skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Lögð er áhersla á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.
- Aldursdreifingu barna og sérþörfum þeirra.
- Lengd dvalartíma.
- Fjölda starfsmanna og samsetningu starfsmannahópsins.

Umsókn þurfa að fylgja upplýsingar um húsnæði sem fyrirhugað er að nota fyrir leikskólann ásamt málsettum teikningum af húsi og lóð, vottorði Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar. Einnig þurfa að fylgja umsókn upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi leikskólans sérstaklega með hliðsjón af því hvernig aldersdreifingu barna verður háttáð og hversu mörg börn með sérþarfir leikskólinn getur tekið á móti, hvað boðið verður upp á langan dvalartíma og hvernig samsetning starfsmannahópsins verður.

3. gr.

Við leikskóla skal starfa leikskólastjóri sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls

4. gr.

Umsækjandi skal gera grein fyrir því í umsókn sinni hvernig hann hyggst skipuleggja og framkvæma þjónustu við börn með sérþarfir.

5. gr.

Þegar sótt er um leyfi til reksturs leikskóla skal liggja fyrir skólanámskrá væntanlegs leikskóla, sem felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskólans, markmiðssetningu í starfi og leiðir til að ná þeim markmiðum.

Áður en leikskólinn tekur til starfa ber að skila til leikskólaráðs starfsáætlun, þar sem gerð er grein fyrir árlegri starfsemi leikskólans, svo sem skóladagatali og öðru sem varðar starfsemi leikskólans. Starfsáætlun á að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun leikskólaráðs.

Leikskólinn skal leggja fram áætlun um hvernig brugðist skuli við þegar slys og óhöpp verða.

6. gr.

Leikskóla sem fengið hefur rekstrarleyfi er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með sjálfstætt reknum leikskólum. Ber leikskólunum að láta Leikskólasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Samþykkt í leikskólaráði

26. nóvember 2008